

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Starfsleyfisflokkur:
Fagradalsbleikja ehf	26.09.18	Fagradal, Vík	4
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
490689-2149	02.06.2022	Já	Land- og kvíaeldi, matfiskur allt að 200 tonn

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Ársframleiðsla um 5 tonn
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Engar breytingar hafa verið gerðar frá seinasta eftirliti og engar eru áætlaðar á næstunni.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).		X		Halda þarf betri skráningar skv. starfsleyfisskilyrðum. Skrá þarf losun efna, viðhald og meðhöndlun, magn og gerð úrgangs.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við. Þarf að vera aðgengilegt eftirlitsaðila við eftirlit.
Grænu bókhaldi og ústreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)		X		Hafa ekki verið skrifaðar niður.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?		X		Vantar.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Er neyðaráætlun til staðar?		X		Ekki til staðar.
-----------------------------	--	---	--	------------------

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	Á ekki við
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?		X		Handfóðrað eftir auga/tilfinningu. Mikið af fóðurleyfum í sumum tönkum sem stíflar sigti.
Er skráning á losun fósfors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?		X		Hvorki mælingar né útreikningar hafa verið gerðir.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	X			Frárennslis í settjörn í góðu ástandi. Smá set sjáanlegt. Engin óeðlileg lykt eða fiskur sjáanlegur í frárennslis.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.	X			Tvær samtengdar settjarnir eru, tæpur 1 ha hvor. Frárennslis frá öllum kerjum inni og 5 stærstu kerjunum úti fer í rotþró og þaðan í settjörn. Frárennslis frá 4 gömlum kerjum fer beint í settjörn. Frárennslis fer í gegnum báðar settjarnirnar, rennur þaðan niður út í mjög lítið lón (sem ætti að gera villtum fiski ómögulegt að komast í settjarnir) sem sameinast viðtaka.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Ferskvatnsá u.þ.b. 400 metrum frá kerjum.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.		X		Engar mælingar hafa verið gerðar.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Engin spilliefni eru notuð. Plast fer í endurvinnslu hjá Gámastöðinni í Vík. Dauðfiskur fer einnig þangað. Örfáir fiskar, magn skráð.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?		X		Ekki er fylgst með losun efna.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.			X	Á ekki við. Þarf að vera aðgengilegt eftirlitsaðila við eftirlit.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Vetur 2018/2019. Nitur og fosfór. Rekstraraðili tekur sýni og sendir til Matís í rannsókn.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Engin frávik komu fram við eftirlit en gerðar voru tvær athugasemdir varðandi skráningar í rekstrarhandbók og mat efnalosunar út í umhverfið.

Samantekt:

Lítið eldi, með nokkur ker inni og klakningaraðstöðu og stærri ker úti fyrir stærri/sláturfisk. Umgengni almennt góð.
Sjálfrenni er í gegnum stöðina úr uppsprettu, um 70L/s. Lítil rafstöð er á staðnum sem sér stöðinni og bænum fyrir rafmagni. Affall úr rafstöðinni sameinast frárennsli. Borhola og dæla eru til staðar ef vatn minnkar og díselmótor til að knýja dælu ef rafmagn fer líka.
Slátrað er í sláturkeri og frárennsli rennur í rotþró.
Þrjú frávik komu fram við eftirlit. Frávik frá grein 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi og 18. grein laga 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er varðar að áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar vantar. Frávik frá 16.gr laga 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er varðar að rekstraraðili skal sýna fram á tryggingu vegna bráðamengunar. Frávik frá grein 1.4 í starfsleyfisskilyrðum er varðar að engar mælingar á losun efna í viðtaka hafa verið gerðar.
Fjórar bendingar voru gerðar í eftirlitinu:
Eitthvað er um fugl á svæðinu og bæta þarf varnir gegn fuglum og vargi, þar sem sum ker eru alveg óvarin.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

	<p>Huga þarf betur að hreinsun sumra kerja, þar sem fóðurleyfar og annað grugg stífla sigti/útrengisli úr kerjum, brák hefur einnig myndast á yfirborði í einu kerri, og annað yfirfyllst vegna stíflu.</p> <p>Yfirfall eldisvatns sem myndast vegna stíflaðs frárennslis hefur safnast fyrir við ker og huga þarf að betra dreni frá kerjum.</p> <p>Skráningar í rekstrarhandbók eru ekki nægjanlegar.</p>
Annað	<p>Rekstraraðila var bent á að huga að hreinsun rusls frá gömlu kerri.</p> <p>Rekstraraðila var einnig bent á að fá kvittanir fyrir förgun dauðfisks og móttöku úrgangs.</p> <p>Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur.</p>

Undirskrift eftirlitsmanns:

Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fagradalsbleikja ehf. Fagradal, Vík



Dags eftirlits	26.9.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Fagradalsbleikja ehf.	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Fagradal	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	490689-2149	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jónas Erlendsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávik frá starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi komu fram við eftirlitið er varða neyðar- og viðbragðsáætlanir, tryggingu og skráningar á losun efna í viðtaka.

Fjórar ábendingar komu fram, er varða varnir gegn villtum dýrum og fuglum, hreinsun kerja, dreni og skráningum í rekstrarhandbók.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun og vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá	Lýsing á frávik
gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi og 18. grein laga 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda	Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar vantar.

gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi Losun efna út í umhverfið er ekki skráð.

16. grein laga 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda Rekstraraðili skal framvísa tryggingu vegna bráðamengunar.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að bæta þarf varnir gegn fuglum og vargi.

Huga þarf betur að reglulegri hreinsun kerja, þar sem fóðurleyfar og annað grugg stífla sigti/frárennsli úr sumum kerjum, brák hefur myndast á yfirborði í einu kerri, og annað yfiryllst vegna stíflu.

Yfirfall eldisvatns sem myndast vegna stíflaðs frárennslis hefur safnast fyrir við ker og huga þarf að betra dreni frá kerjum.

Skráningar í rekstrarhandbók eru ekki nægjanlegar.

ANNAÐ

Rekstraraðila er bent á að huga að hreinsun rusls frá gömlu kerri.

Rekstraraðila er bent á að láta mæla köfnunarefni, fosfór og COD í vatni við inntak, frárennsli og viðtaka til að uppfylla skráningarskyldu um losun efna út í umhverfið.

Rekstraraðila var einnig bent á að fá kvittanir fyrir förgun dauðfisks og móttöku úrgangs.

Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur.

Reykjavík, 12.11.2018

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Astand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Hulda Soffía Jónasdóttir